

Fréttir af afreksfólki Árborgar

✘ **Fréttir af afreksfólki Árborgar** : Örn Davíðsson og Bergþóra Kristín Ingvarsdóttir – íþróttakarlar og íþróttakona Árborgar 2006, Íslandsmeistararitill í 6. og 4.flokki í handbolta, Þór Davíðsson Íslandsmeistari í júdó 15-16 ára, fimleikar og Umf. Stokkseyrar.

Fréttir af íþróttamálum í Árborg *Eftirfarandi samantekt er byggð á fréttum af heimasíðum Umf. Selfoss og Umf. Stokkseyrar í aprílmánuði með leyfi félaganna.*

Fréttir af afreksfólki Árborgar

✘ Örn Davíðsson og Bergþóra Kristín Ingvarsdóttir – íþróttakarlar og íþróttakona Árborgar 2006

Í aprílmánuði tryggði Örn Davíðsson, íþróttakarlar Árborgar 2006, sér keppnisrétt í tveimur greinum á heimsmeistaramóti unglunga sem fram fer í Tékklandi í sumar. Hann bætti árangur sinn í spjótkaсти um rúma 13 metra þegar hann kastaði spjótinu 58,22 metra en lágmarkið fyrir þátttöku á heimsmeistaramótinu er 58 m. Á Coca Cola móti FH í lok apríl kastaði Örn 1,5 kg kringlu 53,24 m og náði með því einnig lágmarki í kringlukasti á heimsmeistaramótið. Á FH mótinu setti Örn nýtt HSK met í drengjaflokki þegar hann kastaði spjóti 58,95 m. Hann keppti einnig í kringlukasti í karlaflokki og bætti sig um 90 cm, sannarlega glæsilegur árangur hjá þessu frábæra íþróttamanni og verður spennandi að fylgjast með honum í sumar.

Bergþóra Kristín Ingvarsdóttir, íþróttakona Árborgar 2006, gegnir lykilhlutverki í meistaraflokki fimleikadeildar Umf. Selfoss í hópfimleikum. Hún var burðarásinn í liði fimleikadeildar Umf. Selfoss sem hreppti 3. sæti á Íslandsmeistaramótinu í almennum fimleikum (Evrópureglum) sem fram fór í marsmánuði sl. Bergþóra var einnig í vinningsliði fimleikadeildarinnar í keppni samkvæmt landsreglum á Íslandsmeistaramótinu en stúlkurnar urðu Íslandsmeistarar á öllum áhöldum, gólfi, dýnu og trampólíni, með glæsilegar einkunnir. Á HSK mótinu í byrjun apríl varð meistaraflokkur fimleikadeildarinnar HSK meistarar 2007 og að venju gegndi Bergþóra Kristín þar lykilhlutverki.

Handbolti

Íslandsmeistaratitill í 6. flokki

C lið Selfoss Íslandsmeistari 2007

A, B og C lið 6. flokks karla, 32 strákar, kepptu í handbolta á móti í Vestmannaeyjum í lok apríl. Flokkurinn hefur sannarlega gert það gott í vetur, miklar framfarir og kröftug lið.

C liðið tryggði sér Íslandsmeistaratitilinn á mótinu í Vestmannaeyjum og A liðið varð í 3. sæti en liðið varð einnig deildarmeistari fyrr í vetur.

Íslandsmeistaratitill í 4. flokki



B lið Selfoss Íslandsmeistari 2007

Liðunum í 4. flokki heftur gengið vel í vetur og varð B liðið deildarmeistari og A liðið í 3 sæti. Í lok apríl fór fram úrslitakeppni og kepptu tvo lið frá Umf. Selfoss á Íslandsmóttinu, A og B lið. A liðið hafnaði í 3. sæti en B liðið vann sterkt lið KA eftir æsispennandi leik og varð Íslandsmeistari í flokki B liða.

Pór Davíðsson Íslandsmeistari í júdó 15-16 ára



Á Íslandsmótti barna og unglunga í júdó sem fram fór í mars voru keppendur frá Umf. Selfoss áberandi. Pór Davíðsson varð Íslandsmeistari í 81 kg flokki cadetta, 15-16 ára. Í sama flokki fékk Matthías Harðarson silfrið og Sævar Ingi Sigurðsson bronsið. Þeir félagar færðu sig upp um flokk og kepptu einnig í flokki juniora, 15-19 ára. Þar fékk Pór silfur og Sævar og Matthías brons.

Í 73 kg flokki, 15-16 ára, hlaut Þorkell Eyjólfsson bronsverðlaun. Bronsið kom einnig í hlut Steinars Sigurðarsonar í -66 kg flokki og í -55 kg flokki fékk Theodór Þorvaldsson silfurverðlaun.

Í táningaflokki, 13-14 ára, vann Gunnar Hjörleifsson silfur í -50 kg flokki. Sturlaugur Eyjólfsson náði silfri í -81 kg flokki. Birgir Ásbjörnsson fékk brons í -46 kg flokki og Stefán H. Helgason silfur í -32 kg flokki.

Í barnaflokki, 11-12 ára, náðu Selfyssingar þremur bronsverðlaunum, Garðar Guðmundsson fékk brons í -46 kg flokki, Egill Ásbjörnsson í -50 kg flokki og Halldór Viðarsson í -55 kg flokki.

Í sveitarkeppni 15-16 ára náði sveit Umf. Selfoss silfri en einungis einn vinningur skildi að fyrsta og annað sætið.

Fimleikar

Vormót FSÍ var haldið í Keflavík í lok apríl sl. Liðin frá Selfossi gerðu það gott. Selfoss hampaði gulli í Team-gym. Í landsreglum voru úrslit þau að Selfoss fékk 3 gull, 2 silfur og 2 brons í barnaflokki, 2 gull og eitt brons í unglingsaflokki og eitt silfur og eitt brons í táníngaflokki.

Umf. Stokkseyrar

Á heimasíðu Umf. Stokkseyrar er að finna ýmsar fréttir af íþróttamálum á ströndinni. Íþróttaskóli fyrir 2-6 ára hóf göngu sína í lok apríl og fótbolta- og körfuboltaæfingar eru í íþróttahúsinu. Þá hefur félagið ráðið fimleikapjálfa, Tinnu Björk Kristinsdóttur, og boðið er upp á fimleikaæfingar bæði fyrir börn og fullorðna. Slóðin er <http://www.umfstokkseyrar.is/>